

**Nd.**

**511. L Ö G**

um breytingu á lögum um skrásetning skipa frá 13. desbr. 1895.

(Afgreidd frá Nd. 13. ágúst).

Aftan við síðustu málsgrein í 2. gr. laga um skrásetning skipa frá 13. desbr. 1895 bætast orðin:

eða þá, að því er snertir landhelgina, islenskan fána, sem ákveðinn verður með konungsúrskurði.